Sveitarstjórn Borgarbyggðar - 217

# FUNDARBOÐ

## 217. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar verður haldinn í Hjálmakletti, 9. september 2021 og hefst kl. 16:00

### Dagskrá:

**Almenn mál**

1. **2102062 - Skýrsla sveitarstjóra**

   Þórdís Sif Sigurðardóttir flytur skýrslu sveitarstjóra.

2. **2108048 - Alþingiskosningar 25. sept. 2021**

   Framlögð kjörskrá fyrir alþingiskosningar þann 25. sept. ásamt yfirliti um fjölda eftir kjördeildum.

3. **2102067 - Kosningar í nefndir og ráð 2021**

   Kosning varamanns í kjörstjórn Borgarbyggðar í stað Sveins Hálfdánarsonar sem beðist hefur lausnar.

4. **2008016 - Sáttaumleitan í deiliskipulagsgerð Húsafellssvæðisins**

   Afgreiðsla 569. fundar byggðarráðs: "Fimmtudaginn 12. ágúst sl. undirrituðu Páll Guðmundsson, Sæmundur Ásgeirsson og Borgarbyggð undir þríhliðasamkomulag um lúkningu mála varðandi skipulags- og byggingarmál er varða Húsafell 1 og Bæjargil. Megin inntak samkomulagsins er að breytingar á aðalskipulagi á svæðinu skuli einungis taka til Bæjargils og Húsafells 1 og að unnið verði nýtt deiliskipulag fyrir sama svæði. Aðilar máls voru sammála um að deiliskipulag yrði unnið í samræmi við teikningu sem er fylgiskjal með samkomulaginu. Borgarbyggð greiddi hvorum aðila fyrir sig 5 milljónir króna við undirritun samkomulagsins vegna kostnaðar tengdum skipulags- og byggingarmálum á svæðinu. Aðilar voru sammála því að þeir geri ekki aðrar kröfur hvor á hendur hinum vegna skipulags- og byggingarmála umfram það sem fram kemur í samningnum. Byggðarráð Borgarbyggðar fagnar þeirri niðurstöðu sem náðist með samkomulaginu og vinnur nú að þeim ákvörðunum sem teknar voru í samstarfi við aðila samkomulagsins. Það var ekki einsýnt að samkomulag næðist milli aðila en allir lögðu sitt að mörkum til þess að sátt myndi nást. Málið hefur verið í vinnslu í mörg ár og ljóst er að sveitarfélagið gerði mistök sem höfðu áhrif á framgang málsins og biðst byggðarráð fyrir hönd sveitarfélagsins alla málsaðila innilegrar afsökunar á þeim mistökum."

5. **2107093 - Hringrásarhagkerfið- styrkur gámaplön**

   Afgreiðsla 570. fundar byggðarráðs: "Byggðarráð samþykkir framlagðan samning og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd Borgarbyggðar með fyrirvara um samþykkt sveitarstjórnar."

6. **2107094 - Hringrásarhagkerfið - styrkur brotajárn**

   Afgreiðsla 570. fundar byggðarráðs: "Byggðarráð samþykkir framlagðan samning og

felur sveitarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd Borgarbyggðar með fyrirvara um samþykkt sveitarstjórnar."

7. **1904098 - Borgarbraut 55 - samningur**

Afgreiðsla 571. fundar byggðarráðs: "Byggðarráð vísar kaupsamningnum til samþykktar í sveitarstjórn. Byggðarráð felur sveitarstjóra að semja við fasteignasölu um sölu fasteignarinnar að Borgarbraut 55, ásamt lóðarleigusamnings, til niðurrifs og uppbyggingar í samræmi við gildandi deiliskipulag."

8. **2103074 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands - aðalfundur 2021**

Afgreiðsla 571. fundar byggðarráðs: "Byggðarráð samþykkir þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á samþykktum Heilbrigðiseftirlits Vesturlands sem fela í sér að Kjósahreppur verði hluti af starfssvæði HEV."

9. **1210076 - Samþykkt um búfjárhald**

Afgreiðsla 25. fundar umhverfis - og landbúnaðarnefndar: "Umhverfis-og landbúnaðarnefnd leggur til að breytingar verði gerðar á drögum um samþykkt um búfjárhald í samræmi við umsögn Bændasamtaka Íslands. Nefndin hvetur sveitarstjórn til að standa fyrir ítarlegri kynningu á samþykktinni að lokinni gildistöku. Endanlegri afgreiðslu vísað til sveitarstjórnar."

Fyrri umræða um búfjársamþykkt Borgarbyggðar.

10. **2107042 - L230943 Mið-Garðar umsögn um lögbýli**

Afgreiðsla 25. fundar umhverfis - og landbúnaðarnefndar: "Umsóknin er í samræmi við staðfest skipulag og uppfyllir skilyrði 18. gr. Jarðalaga nr. 81/2004. Umhverfis- og landbúnaðarnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lögbýlis en telur æskilegt að föst búseta fylgi stofnun lögbýlis. Nefndin veitir jákvæða umsögn um umsóknina og leggur þá ákvörðun fyrir sveitarstjórn til staðfestingar."

11. **2106073 - Söfnun dýraleifa - gjaldskrá**

Afgreiðsla 25. fundar umhverfis - og skipulagsnefndar: "Umhverfis- og landbúnaðarnefnd telur að í 8. gr. Laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 m. s.br. komi fram skýr heimild sveitarfélagsins til að mæla fyrir um fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi. Nefndin leggur til að gerðar verði breytingar á samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Borgarbyggð þar sem skýrt er kveðið á um fyrirkomulag og gjaldskrá vegna söfnunar og förgunar dýraleifa frá lögbýlum. Að öðru leyti telur nefndin ekki ástæðu til að breyta fyrirkomulagi þjónustunnar. Endanlegri afgreiðslu er vísað til sveitarstjórnar."

Fyrri umræða um samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Borgarbyggð.

12. **2108088 - Álagning fjallskila**

Afgreiðsla 34. fundar Fjallskilanefndar Grímsstaðaréttar: "Kindur alls 1500, fækkun um 45 kindur. Hver kind er metin á 830 krónur. Dagsverkið metið á 10 þúsund krónur."

13. **2108107 - Álagning fjallskila Hítardalsréttar 2021**

Afgreiðsla 30. fundar Fjallskilanefndar Hítardalsréttar: "lagning fjallskila á fjáreigendur sem eru 13. Tala sauðfjár til fjallskila er 2.602 samkvæmt uppgefnum tölum frá fjáreigendum. Fjallskilagjald á kind ákveðið kr. 650. Heildarálagning 1.691.300. Dagsverkið metið á kr. 10.000 Dagsetningar leita og rétta hafa verið færðar fram um viku frá ákvæðum fjallskilareglugerðar. Leitarstjóri í öllum afréttarleitum verður Gísli Guðjónsson. Jón Guðlaugur Guðbrandsson stjórnar leitum á Svarfhólsmúla. Sigurður Jóhannsson getur ekki tekið að sér réttarstjórn í Hítardalsrétt og eru honum þökkuð störf liðinna ára. Réttarstjóri í fyrstu rétt verður Sigfús Helgi Guðjónsson, í annarri og þriðju rétt Finnbogi Leifsson."

**14. 2108090 - Gjöld 2021**

Afgreiðsla 24. fundar Fjallskilanefndar Rauðsgilsréttar: "Haldið verður áfram að hækka dagverk um 1000kr. eins og hefur verið gert síðustu ár. - Jarðargjöld hækka um 3.2% - Fæði: 4.500kr. - Fjárgjöld: 500kr. - Dagsverk: 13.000kr."

**15. 2109038 - Álagning fjallskila Oddsstaðaréttar 2021**

Afgreiðsla 46. fundar fjallskilanefndar Oddstaðaréttar: "Upplýsingar um jarðamat fengnar úr Þjóðskrá. Álagning á kind hækkar úr 450 krónum í 600 krónur. Álagningarhlutfall á fasteignamat hækkar úr 1,25% í 1,30% Álögð fjallskil samtals: 3.242.436 kr. Innheimt í peningum: 1.368.436 kr. Dagsverkamat í leitum hækkar - Norðurfjall er metið á 39.000 kr., Tunguleit metin á 31.000 og Suðurfjall metið á 29.500 kr. Gengið frá fjallskilaseðli".

**16. 2105002 - Bjarnastaðir L134637 - DSK**

Afgreiðsla 27. fundar skipuags - og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn Borgarbyggðar að samþykkja tillögu að deiliskipulagi fyrir Bjarnastaðir til auglýsingar. Lagður var fram uppdráttur dags. 02.09.2021. Deiliskipulag þetta tekur til 5,5ha svæðis til uppbyggingar á bæjarstæði jarðarinnar. Á skipulagssvæði eru fyrir tvö íbúðarhús ásamt landbúnaðarbyggingum. Fyrirhugað er að bæta þar við íbúðarhúsi á nýrri lóð er nefnist Bjarnastaðir 2. Deiliskipulag þetta samræmist gildandi aðalskipulagi. Málsmeðferð verður samkvæmt 41. grein Skipulagslaga nr. 123/2010. Endanlegri afgreiðslu vísað til sveitarstjórnar"

**17. 2106066 - Skógarbrekkur 4 L188642 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi**

Afgreiðsla 27. fundar skipulags - og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til að sveitarstjórn heimili byggingarfulltrúa að samþykkja byggingaráform, þar sem grenndarkynning hefur farið fram skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010."

**18. 2105028 - Háskjólabyggð 7 L135104 - Viðbygging**

Afgreiðsla 27. fundar skipulags - og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til að sveitarstjórn heimili byggingarfulltrúa að samþykkja byggingaráform, þar sem grenndarkynning hefur farið fram skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010."

**19. 2108110 - Stóri-Ás L134513 - Stofnun lóðar - Litli-Ás**

Afgreiðsla 27. fundar skipulags - og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd

leggur til að sveitarstjórn heimili stofnun lóðarinnar Litli-Ás, stærð 3ha úr landinu Stóri-Ás L134513. Er þetta á grundvelli nýs deiliskipulags, Byggingarlóð í landi Stóra-Áss dags. 27.04.2021."

**20. 2106118 - Sóltún 13 L194189 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi**

Afgreiðsla 27. fundar skipulags - og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til að sveitarstjórn heimili byggingarfulltrúa að samþykkja byggingaráform, þar sem grenndarkynning hefur farið fram skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010."

**21. 2001067 - Mælimastur - framkvæmdaleyfi_umsókn**

Afgreiðsla 27. fundar skipulags - og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til að sveitarstjórn heimili skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi tímabundið fyrir mælimastur, til 12 mánaða, á Grjóthálsi í landi Sigmundastaða."

**22. 2108020 - Langás í landi Munaðarness L134915 - stofnun lóðar**

Afgreiðsla 27. fundar skipulags - og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til að sveitarstjórn heimili stofnun lóðarinnar Langás, stærð 26ha úr landi Munaðarnes L134915. Lóðin verður sett í landnotkunarflokkinn sumarbústaðarlóð."

**23. 1409019 - Seláshverfi í landi Ánabrekku, deiliskipulagsbreyting**

Afgreiðsla 27. fundar skipulags - og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn Borgarbyggðar að samþykkja tillögu að deiliskipulagi Seláshverfi í landi Ánabrekku til auglýsingar. Lagður var fram uppdráttur dags. 28.11.2018. Breytingin tekur til 12 frístundalóða innan frístundasvæðis F20. Svæðið er stækkað úr 7,88 ha í 8,95 ha, nýr aðkomuvegur er að lóðum 8-12 og aflagður aðkomuvegur að lóðum nr. 2, 4, 6 og 8. Sameiginlegur vegur verður að lóðum 1-5 og 8. Tillagan samræmist aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022. Málsmeðferð verður samkvæmt 41. grein Skipulagslaga nr. 123/2010. Endanlegri afgreiðslu vísað til sveitarstjórnar."

**24. 2007033 - Sturlureykir 1 lóð 11 lnr.186143 - Umsókn um byggingarleyfi, frístundahús**

Afgreiðsla 27. fundar skipulags - og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til að sveitarstjórn heimili byggingarfulltrúa að samþykkja byggingaráform, þar sem grenndarkynning hefur farið fram skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010."

**25. 2108021 - Heiðarbýli í landi Hraunsmúla L136060 - stofnun lóðar**

Afgreiðsla 27. fundar skipulags - og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til að sveitarstjórn heimili stofnun lóðarinnar Heiðarbýli, stærð 122 ha úr landinu Hraunsmúli L136060. Landnotkunarflokkurinn verður Annað land."

**26. 1909156 - Húsnæðismál Ráðhússins**

Framlagt gagntilboð Steðja fjárfestinga ehf. í fasteignina að Borgarbraut 14, dags. 3. september 2021 sem undirritað var með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar.

**Fundargerð**

**27. 2108010F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 569**

| | |
|---|---|
| 27.1 | 2105172 - Fagráð slökkviliðsins - fundargerðir 2021 |
| 27.2 | 2001118 - Ljósleiðari í Borgarbyggð - framkvæmdir |
| 27.3 | 2104165 - Endurnýjun rammasamninga |
| 27.4 | 2008016 - Sáttaumleitan í deiliskipulagsgerð Húsafellssvæðisins |
| 27.5 | 2105139 - Kastali á skólalóð GBF Hvanneyri |
| 27.6 | 2108059 - Rauðsgilsrétt - girðing |
| 27.7 | 2108064 - Aukning við kennslukvóta við Grunnskólann í Borgarnesi |
| 27.8 | 2009127 - Drög að sjálfbærnistefnu fyrir Borgarbyggð |
| 27.9 | 2106002 - Fjárhagsáætlun 2022 |
| 27.10 | 2106068 - Nýsköpunar - og þróunarsetur á landsbyggðinni - viljayfirlýsing |
| 27.11 | 2107102 - Fundargerð 11. fundar ABHS |

**28. 2108013F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 570**

| | |
|---|---|
| 28.1 | 2105122 - Aðgengisfulltrúar í sveitarfélögum - sumarstörf |
| 28.2 | 2102100 - Húsnæðismál Borgarbyggðar |
| 28.3 | 2103044 - Stjórnsýsla í Borgarbyggð - niðurstaða samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins |
| 28.4 | 2103094 - Starfsmannamál 2021 |
| 28.5 | 2001118 - Ljósleiðari í Borgarbyggð - framkvæmdir |
| 28.6 | 1911092 - Dómsmál vegna uppsagnar fyrrverandi sveitarstjóra |
| 28.7 | 2106043 - Eignasjóður - íþróttamiðstöðin Varmalandi |
| 28.8 | 2107093 - Hringrásarhagkerfið- styrkur gámaplön |
| 28.9 | 2107094 - Hringrásarhagkerfið - styrkur brotajárn |
| 28.10 | 2108095 - Starfsleyfi stofnana Borgarbyggðar - 2021 |
| 28.11 | 2102067 - Kosningar í nefndir og ráð 2021 |
| 28.12 | 2108042 - Umsókn um lóð - Lóuflöt 4 |

**29. 2108018F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 571**

| | |
|---|---|
| 29.1 | 2106002 - Fjárhagsáætlun 2022 |
| 29.2 | 2103094 - Starfsmannamál 2021 |
| 29.3 | 1909156 - Húsnæðismál Ráðhússins |
| 29.4 | 2105123 - Samþætting aksturs í Borgarbyggð 2021 |
| 29.5 | 2108068 - Eignasjóður - Framkvæmdaáætlun |
| 29.6 | 2105066 - Umsókn um styrk til endurnýjunar rotþróar |

29.7 1904098 - Borgarbraut 55 - samningur

29.8 2103074 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands - aðalfundur 2021

29.9 2102086 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands - fundargerðir 2021

29.10 2108142 - Haustþing Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi 2021

29.11 2102086 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands - fundargerðir 2021

29.12 2010144 - Faxaflóahafnir sf._fundargerðir

**30. 2107011F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 25**

30.1 1210076 - Samþykkt um búfjárhald

30.2 2107042 - Mið-Garðar umsögn um lögbýli

30.3 2106073 - Söfnun dýraleifa - gjaldskrá

30.4 2009086 - Friðlýsingar Borgarvogs

30.5 2104057 - Umsóknir um styrki til að efla hringrásarhagkerfið

30.6 2108054 - Umhverfisviðurkenningar 2021

30.7 2009127 - Drög að sjálfbærnistefnu fyrir Borgarbyggð

30.8 2105198 - Breytingar á jarðalögum 2021 - bréf

30.9 2108060 - Gönguleiðir í Borgarbyggð

30.10 2108058 - Umhverfisverkefni, staða mála í ágúst

**31. 2108020F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 27**

31.1 2002119 - Endurskoðun ASK 2010-2022

31.2 2105002 - Bjarnastaðir L134637 - DSK

31.3 1409019 - Seláshverfi í landi Ánabrekku, deiliskipulagsbreyting

31.4 2105028 - Háskjólabyggð 7 L135104 - Viðbygging

31.5 2007033 - Sturlureykir 1 lóð 11 lnr.186143 - Umsókn um byggingarleyfi, frístundahús

31.6 2106066 - Skógarbrekkur 4 L188642 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

31.7 2106118 - Sóltún 13 L194189 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

31.8 2001067 - Mælimastur - framkvæmdaleyfi_umsókn

31.9 2108020 - Langás í landi Munaðarness L134915 - stofnun lóðar

31.10 2108021 - Heiðarbýli í landi Hraunsmúla L136060 - stofnun lóðar

31.11 2108110 - Stóri-Ás L134513 - Stofnun lóðar - Litli-Ás

31.12 2009086 - Friðlýsingar Borgarvogs

31.13 2108136 - Kaldármelar L207278 - Fyrirspurn - Byggingarleyfi íbúðarhús

31.14 2108049 - Hundasnyrtistofa í Borgarnesi - Fyrirspurn

**32. 2108017F - Atvinnu - markaðs - og menningarmálanefnd - 27**

32.1 2001089 - Upplýsingamiðstöð Borgarbyggðar

32.2 2107033 - Starfs- og fjárhagsáætlun - Atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefnd

**33. 2108016F - Fjallskilanefnd Hítardalsréttar - 30**

33.1 2108107 - Álagning fjallskila Hítardalsréttar 2021

**34. 2108012F - Fjallskilanefnd Rauðsgilsréttar - 24**

34.1 2108089 - Fjallskil 2021

34.2 2108090 - Gjöld 2021

34.3 2108091 - Önnur mál

**35. 2108011F - Fjallskilanefnd Grímsstaðaréttar - 34**

35.1 2108088 - Álagning fjallskila

**36. 2108009F - Fjallskilanefnd Brekku - og Svignaskarðsréttar - 48**

36.1 2108055 - Álagning fjallskila 2021

**37. 2109004F - Fjallskilanefnd Oddsstaðaréttar - 46**

37.1 2109038 - Álagning fjallskila Oddsstaðaréttar 2021

37.2 2109039 - Önnur mál fjallskilanefndar Oddsstaðaréttar

07.09.2021
Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri.